

**Nd.**

**770. Breytingartillaga**

[95. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 80 10. júlí 1973.

Frá Sigurlaugu Bjarnadóttur, Karvel Pálmasyni, Gunnlaugi Finnssyni  
og Sighvati Björgvinssyni.

Við 11. gr. Greinin orðist svo:

34. gr. laganna orðist svo:

Af heildarframlagi því, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum samkv. 32. gr., skal árlega halda eftir 25 af hundraði, og skal því fé ráðstafað af fjárveitinganefnd Alþingis að fengnum tillögum vegamálastjóra til að flýta gerð vega og gatna með bundnu slitlagi í fámennum kaupstöðum og kauptúnum sem skemmst eru á veg komin í vega- og gatnagerð. Hér skal og tekið tillit til hagkvæmni í vinnubrögðum.